



Á veiðislóð

Að mörgu er að hyggja:

- Nauðsynleg veiðigögn: Skotvopnaleyfi, veiðikort, veiðileyfi
- Hvert skal halda – hvar skal leita dýra
- Er útlit fyrir langt úthald eða eru góðir möguleikar á að finna dýrin fljótt?
- Langt að aka, langt að ganga, hátt og bratt eða hægur gangur
- Dýr í sjónmáli, hvernig best er að nálgast þau
- Nesti og nauðsynleg lyf/skyndihjálparbúnaður í vasa eða bakpoka þegar farartæki er yfirgefið
- Muna að taka GPS punkt á farartæki
- Fá aðstoð leiðsögumanns við að finna „réttu“ dýrið
- Taka tillit til annarra veiðimanna
- Fylgið lögum og reglum um akstur á veiðislóð
- Spillið ekki gæðum landsins

Bráðin fallin:

- Ekki fæla önnur dýr með því að spretta á fætur
- Nálgast fallið dýr af varúð
- Gæta fyllsta öryggis, taka skot úr ríffli
- Gæta fyllsta hreinlætis við aðgerð, þrifa hendur og forðast að óhreinindi komist að kjöti
- Fá aðstoð leiðsögumanns við aðgerðina, þeir eiga að kunna vel til verka
- Ef á að selja kjöt verður að flytja dýrið óflegið í aðgerðastöð og fá það stimplað af dýralækni

Lok veiðiferðar:

- Skrifa undir veiðiskýrslu og þar með votta að hún sé rétt útfyllt
- Gera upp við leiðsögumann
- Gangið vel frá bráð, látið mæla fallegar krúnur, súta skinn eða koma þessu í hendur handverksfólks. Hafið það að leiðarljósi að nýta bráðina eins vel og kostur er.

Hreindýraveiðar eru hverjum sem reynir einstök upplifun í stórbrotinni náttúru Austurlands. Lykillinn að vel heppnaðri veiðiferð er vandaður undirbúningur, virðing fyrir náttúrunni, bráð og samferðafólki.

Stjórnun veiða

Dagleg umsýsla með hreindýraveiðum, upplýsingagjöf og samskipti við veiðimenn og leiðsögumenn er í höndum starfsmanns Umhverfisstofnunar á Egilsstöðum.

Skrifstofa á Egilsstöðum
Tjarnarbraut 39A
Símar: 591-2000, 822-4027
Netfang: hreindyr@hreindyr.is eða joigutt@ust.is

Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 8:00 - 16:00.
(janúar, febrúar, mars og apríl kl. 9:00 - 15:00)

Leiðsögn

Hverjum þeim sem fær úthlutað veiðileyfi er skylt að fara á veiðar í fylgd leiðsögumanns sem hlotið hefur starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Listi yfir leiðsögumenn með hreindýraveiðum og upplýsingar um svæði sem þeir leiðsögja á er að finna á vef: www.hreindyr.is. Veiðimaður hefur sjálfur samband við leiðsögumann og semur um leiðsögn. Þeir ákveða tíma hvenær skal haldið til veiða og koma sér saman um verð fyrir veitta þjónustu leiðsögumanns. Leiðsögumaður með hreindýraveiðum undirbýr för á veiðislóð með veiðimanni, kannar hvort nauðsynleg leyfi séu fyrir hendi og lögleg skotvopn. Gjarnan kannar hann einnig ástand skotvopna og færni veiðimanns með því að láta hann skjóta í mark áður en lagt er í veiðiferð. Á veiðislóð aðstoðar leiðsögumaður veiðimann við að finna dýr, velja dýr af réttu kyni og segir til um tilhögun veiða eftir þörfum. Hann gætir þess að farið sé eftir lögum og reglum um framkvæmd veiða. Leiðsögumaður er oft í samstarfi við aðra leiðsögumenn um tilhögun veiða, sérstaklega ef margir eru samtímis á veiðislóð. Þá er samstarf og samkomulag um fyrirkomulag veiða sérstaklega mikilvægt.



Þekkingarnet Austurlands



STARFSMENNTARÁÐ

Útgefandi: Þekkingarnet Austurlands 2010

Í samstarfi við:

Umhverfisstofnun

Hreindýraráð

Náttúrustofu Austurlands

Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum

Útgáfan er styrkt af Starfsmenntaráði

Hreindýraveiðar

Hagnýt ráð og leiðbeiningar

www.hreindyr.is

www.na.is

www.tna.is

www.starfsmenntarad.is

www.umhverfisstofnun.is

Hönnun & prentun: Hraðprent





Hreindýraveiðar

Hreindýraveiðar eru í hugum margra heillandi en krefjandi tómstundagaman. Veiðin hefur á sér margar hliðar, útveru, félagsskap, áskorun og áreynslu, skilar efnivið í handverk og skrautmuni, ekki síst gott kjöt í kistuna. Hreindýraveiðar á Íslandi eru stundaðar með sjálfbærum hætti. Ekki eru felld fleiri dýr en stofninn þolir en jafnframt þess gætt að ágangur þeirra skaði ekki landið og rýri þannig afkomu dýranna.


Að mörgu þarf að hyggja við undirbúning veiða. Aflla réttinda til að fara með veiðeigandi skotvopn og heimildar til veiða, sækja um veiðileyfi, ráða leiðsögumann með hreindýraveiðum, undirbúa veiðiferð með ýmsum hætti og ljúka veiðiferð með sómasamlegum hætti. Þessu litla riti er sérstaklega ætlað að leiðbeina nýjum veiðimönnum um það hvernig á að bera sig að við hreindýraveiðar.

Úthlutun veiðileyfa - veiðitími

Árlegur veiðikvóti er ákveðinn af Umhverfisráðuneyti að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar sem byggð eru á tillögum Náttúrustofu Austurlands og umsögn Hreindýraráðs.

Umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun auglýsa í janúar veiðikvóta. Veiðimenn sækja um að veiða tarf eða kú á ákveðnu veiðisvæði. Umhverfisstofnun annast síðan úthlutun og sölu veiðileyfa. Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar. Ef umsóknir eru fleiri en útgefinn kvóti á hverju veiðisvæði þá er dregið úr gildum umsóknum. Þeir sem ekki fá veiðileyfi í útdrætti raðast í biðröð sem úthlutað er til, ef leyfum er skilað. Venju samkvæmt fer útdráttur fram í lok febrúar ár hvert. Þeir sem fá úthlutað veiðileyfi þurfa að greiða 25% óafurkræft staðfestingagjald eigi síðar en 31. mars hyggist þeir taka leyfið. Lokagreiðsla verður að hafa borist Umhverfisstofnun í síðasta lagi 30. júní. Eftir þann tíma er ógreiddum leyfum úthlutað til umsækjenda á biðlista. Leyfishafa er óheimilt að framselja leyfi til annars veiðimanns. Hyggist veiðimaður ekki nýta sitt leyfi ber honum að skila því til Umhverfisstofnunar.

Veiðitími er að jafnaði frá 1. ágúst til 15. september ár hvert. Veiðitímabilið 2010 eru tarfaveiðar leyfðar frá 15. júlí til 15. september en leyft er að veiða kýr frá 1. ágúst til 20. september.



Þegar veiðimenn sækja um að veiða á ákveðnu svæði er mikilvægt að þeir geri sér grein fyrir því að svæðin eru mis aðgengileg. Um sum svæði er víða akfært, sérstaklega um heiðar og hálendi norður-svæðis. Á vikum, fjörðum og dölum, sérstaklega á suðursvæði þarf fremur að treysta á fríska fætur en ökutæki. Besta aðferðin til að fá raunsannar upplýsingar um einstök svæði er að hafa samband við leiðsögumenn á viðkomandi svæði.



Undirbúningur veiða

Búnaður veiðimanns

Mikilvægt er að veiðimenn klæðist fatnaði sem dugar vel við aðstæður sem skapast í veiðiferð. Fötin verða að vera létt og sterk og hlífa vel ef slagviðri skellur á. Þá er æskilegt að þau skeri sig ekki frá landslagi með áberandi hætti. Listinn er ekki tæmandi og veiðimaður tekur það með sem hentar hverju sinni.

Fatnaður: Nærföt, gjarnan úr ullarefnum eða vönduðum gerviefnum, sokkar til skiptanna, gönguskór eða góð stígvél, ullarpeysa eða flispeysa, húfa og vettlingar, hlífðarbúnaður við aðgerð, skjólföt.

Búnaður: Nesti, lyf og skyndihjálparbúnaður, GPS tæki, landakort, áttaviti, fjarlægðarmælir, úr, eld-spýtur, hnifur, snæri/bönd, skyndihjálparpakki, neyðarblys, farsími, ljós/blikkiljós í bíl/vinnuljós.

Búnaður til að gera að og ganga frá bráð: Plast, hnifur, grisjur, bönd, skófla.

Búnaður til að flytja bráð: Bill, kerra, töfrateppi, sexhjól, bakpoki.

Riffill og skotfæri

Í 11. grein reglugerðar um stjórn hreindýraveiða segir að til hreindýraveiða megi einungis nota riffilla með 6 mm hlaupvídd eða meira. Að kúluþyngd skuli að lágmarki vera 6,5 g eða 100 grains og slagkraftur ekki minni en 180 kgm eða 1300 pundfet á 200 metrum. Kúlur verða að vera gerðar til veiða á stærri dýrum þ.e. þenjust hæfilega út í veiðibráð. Hverjum veiðimanni er siðferðilega skylt að æfa skotfimi og þjálfá notkun á þeim riffli sem hann notar til veiða.

Hreysti og heilbrigði

Að fara til hreindýraveiða getur reynt verulega á líkama og sál. Leit, komast að bráð, fella hana, komast að farartæki og til byggða getur reynt þrekaun. Þrekaun sem útheimtir nokkra hreysti en ekki síður að veiðimenn hugi að heilsu sinni og heilbrigði. Góður undirbúningur felst m.a. í að þjálfá gönguþol og líkamsburði, en einnig einbeitingu að takast á við veiðiferðina. Það getur verið happadrygra að æfa göngu úti á víðavangi með byrði á baki fremur en að skokka á hlaupabretti. Æskilegt er að æfa við eins eðlilegar aðstæður og kostur er.